

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/48/EB

frá 29. júlí 1997

um aðra breytingu á tilskipun ráðsins 82/711/EBE um nauðsynlegar grundvallarreglur til að mæla flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/109/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽¹⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 82/711/EBE frá 18. október 1982 um nauðsynlegar grundvallarreglur til að mæla flæði efna úr plastefnum og -hlutum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 93/8/EBE ⁽³⁾, er ekki mælt fyrir um flæðimælingar sem ber að gera þegar fiturík matvælaflíki henta ekki.

Mælingaraðferðin þar sem fiturík matvælaflíki eru notuð er tímafrek og erfið í framkvæmd og því ber að leyfa annars konar mælingaraðferðir við tiltekin skilyrði.

Óljóst er hvort tilskipun 82/711/EBE heimilar notkun plastefna og -hluta sem er ekki ætlað að komast í snertingu við hvers kyns matvæli en er ætlað að komast í snertingu við fleiri en eina tegund matvæla eða fleiri en einn tiltekinn matvælaflokk. Heimila má þessa notkun án þess að slíku fylgi heilsufarsvandamál að því tilskildu að neytendur eða smásalar séu upplýstir með viðeigandi hætti um þá tegund eða tegundir matvæla sem viðkomandi plastefni og -hlutar mega eða mega ekki komast í snertingu við.

Upplýsingar um mikinn fjölda matvælategunda, sem gæti verið í snertingu við sum plastefni og -hluti, kunna að vera torskildar og því ber að leyfa að þessi efni og hlutir komist í snertingu við öll matvælaflíki eða prófunarmiðla, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, í því skyni að vernda neytendur.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við tilskipun þessa komi í stað viðaukans við tilskipun 82/711/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari frá og með 1. júlí 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 40, 11. 2. 1989, bls. 38.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 297, 23. 10. 1982, bls. 26.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 90, 14. 4. 1993, bls. 22.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

GRUNDVALLARREGLUR UM ALMENNAR OG SÉRTÆKAR FLÆÐIMÆLINGAR

1. „Flæðimælingar“ til að ákvarða sértækt og almennt flæði eru gerðar með „matvælalíki“ sem mælt er fyrir um í I. kafla þessa viðauka og við „venjuleg skilyrði við flæðimælingar“ sem eru tilgreind í II. kafla viðaukans.
2. „Varamælingar“, þar sem „prófunarmiðlarnir“ eru notaðir við venjuleg skilyrði við „varamælingar“ eins og fram kemur í III. kafla, eru gerðar ef flæðimælingin, þar sem fiturík matvælalíki eru notuð (sjá I. kafla), er óframkvæmanleg af tæknilegum ástæðum sem tengjast greiningaraðferðinni.
3. „Annars konar mælingar“, sem eru tilgreindar í IV. kafla, eru heimilrar í stað flæðimælinga með fiturík matvælalíki að uppfylltum skilyrðunum í IV. kafla.
4. Leyfilegt er í öllum þremur tilvikum:
 - a) að fækka mælingum, sem ber að gera, í þann fjölda sem almennt er talinn fullnægja ströngustu kröfum, byggðum á vísindarannsóknunum, í því tiltekna tilviki sem er til rannsókna;
 - b) að sleppa flæði- eða varamælingum eða annars konar mælingum ef fyrir liggur ótvíræð sönnun þess að ekki sé unnt að fara yfir flæðimörkin við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði efnisins eða hlutarins.

I. KAFLI

Matvælalíki

1. Inngangur

Þar sem ekki er alltaf unnt að nota matvæli til þess að mæla efni sem komast í snertingu við matvæli eru matvælalíki notuð. Venja er að flokka matvælalíki þannig að þau hafi einkenni einnar eða fleiri tegunda matvæla. Matvælategundirnar og matvælalíkin sem nota ber eru tilgreind í töflu 1. Í raun er unnt að nota ýmsar blöndur matvælategunda, til dæmis fiturík og vatnsrík matvæli. Þeim er lýst í töflu 2 og tilgreint hvaða matvælalíki ber að velja þegar flæðimælingar eru gerðar.

Tafla 1

Matvælategundir og matvælalíki

Matvælategund	Venjuleg flokkun	Matvælalíki	Skammstöfun
Vatnsrík matvæli (þ.e. vatnsrík matvæli með pH > 4,5)	Matvæli sem aðeins er mælt fyrir um mælingar á með matvælalíki A í tilskipun 85/572/EBE ⁽¹⁾	Eimað vatn eða samsvarandi vatn	Líki A
Súr matvæli (þ.e. súr matvæli með pH ≤ 4,5)	Matvæli sem aðeins er mælt fyrir um mælingar á með matvælalíki B í tilskipun 85/572/EBE	Ediksýra 3% (w/v)	Líki B
Matvæli sem innihalda vínanda	Matvæli sem aðeins er mælt fyrir um mælingar á með matvælalíki C í tilskipun 85/572/EBE	Etanól 10% (v/v) Laga ber þennan styrkleika að raunverulegum vínandastyrk matvælanna ef hann er yfir 10% (v/v)	Líki C
Fiturík matvæli	Matvæli sem aðeins er mælt fyrir um mælingar á með matvælalíki D í tilskipun 85/572/EBE	Hreinsuð ólífuolía eða önnur fiturík matvælalíki	Líki D
Þurr matvæli		Ekkert	Engin

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. L 372, 31. 12. 1985, bls. 14.

2. Val á matvælalíki

2.1. Efni og hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við allar tegundir matvæla

Við mælingarnar ber að nota þau matvælalíki sem um getur hér á eftir, en þær mælingar eru taldar strangastar og skulu gerðar við mælingarskilyrði, sem eru tilgreind í II. kafla, þar sem nýtt sýni er tekið til mælinga úr plastefninu eða -hlutum fyrir hvert matvælalíki:

- 3% ediksýra (w/v) í vatnslausn,
- 10% etanól (v/v) í vatnslausn,
- hreinsuð ólífúolía („viðmiðunarlíki D“).

Í stað viðmiðunarlíkisins D er þó heimilt að nota tilbúna blöndu tríglyseríða eða sólblómaolíu eða máisölu samkvæmt stöðluðum forskriftum („Önnur fiturík matvælalíki“, nefnd „líki D“). Sé farið yfir flæðimörkin, þegar einhver önnur þessara fituríku matvælalíka eru notuð, ber að staðfesta niðurstöðuna með því að nota ólífúolíu, verði því tæknilega komið við, til þess að skera úr um hvort ákvæðin séu virt. Ef ekki er unnt að afla þessara upplýsinga af tæknilegum ástæðum og efnið eða hluturinn fer yfir flæðimörkin skal litið svo á að ákvæði tilskipunar 90/128/EBE séu ekki virt.

2.2. Efni og hlutir sem ætlað er að komast í snertingu við sérstakar matvælategundir

Þetta tilvik gildir aðeins við eftirfarandi aðstæður:

- a) þegar efnið eða hluturinn er þegar í snertingu við þekkt matvæli;
- b) þegar efninu eða hlutum fylgja, samkvæmt ákvæðum 6. gr. tilskipunar 89/109/EBE, sérstakar upplýsingar um með hvaða matvælategundum, sem er lýst í töflu 1, er heimilt eða óheimilt að nota það eða hann, til dæmis „aðeins fyrir vatnsrík matvæli“;
- c) þegar efninu eða hlutum fylgja, samkvæmt ákvæðum 6. gr. tilskipunar 89/109/EBE, sérstakar upplýsingar um með hvaða matvælum eða flokkum matvæla, sem um getur í tilskipun 85/572/EBE, er heimilt eða óheimilt að nota það eða hann. Þessar upplýsingar skulu koma fram:
 - i) á öðrum stigum markaðssetningar en smásölu þannig að notað sé „tilvísunarnúmerið“ eða „lýsing á matvælum“ sem kemur fram í töflunni í tilskipun 85/572/EBE;
 - ii) á smásölustigi þannig að notaðar séu upplýsingar sem eiga einungis við um fá matvæli eða fáa flokka matvæla, helst með auðskildum dæmum.

Við slíkar aðstæður skulu mælingar gerðar með þeim hætti að í tilviki b eru notuð þau matvælalíki sem eru tekin sem dæmi í töflu 2 og í tilvikum a og c þau matvælalíki sem um getur í tilskipun 85/572/EBE. Ef matvælin eða matvælaflokkurinn eða -flokkarnir eru ekki í skránni, sem er tilgreind í tilskipun 85/572/EBE, skal velja það efni í töflu 2 sem svarar best til þeirra matvæla eða matvælaflokka sem er verið að rannsaka.

Ef efninu eða hlutum er ætlað að komast í snertingu við matvæli af fleiri en einni gerð eða matvælaflokk eða flokka með ólíka leiðréttingarþætti skal beita viðeigandi leiðréttingarþáttum á niðurstöður fyrir hverja gerð matvæla. Fari niðurstöður slíkra útreikninga einu sinni eða oftár yfir mörkin hæfir efnið ekki viðkomandi matvælum eða matvælaflokkum.

Mælingarnar ber að gera við þau mælingarskilyrði sem eru tilgreind í II. kafla, þar sem nýtt sýni er tekið til mælinga fyrir hvert matvælalíki:

Tafla 2

Matvælalíki sem ber að velja í sérstökum tilvikum til að mæla efni sem komast í snertingu við matvæli

Matvæli sem komast í snertingu	Matvælalíki
Aðeins vatnsrík matvæli	Líki A
Aðeins súr matvæli	Líki B
Aðeins matvæli sem innihalda vínanda	Líki C
Aðeins fiturík matvæli	Líki D
Öll vatnsrík og súr matvæli	Líki B
Öll matvæli sem innihalda vínanda og eru vatnsrík	Líki C

Matvæli sem komast í snertingu	Matvælalíki
Öll matvæli sem innihalda vínanda og eru súr	Líki C og B
Öll fiturík og vatnsrík matvæli	Líki D og A
Öll fiturík og súr matvæli	Líki D og B
Öll fiturík matvæli og matvæli sem innihalda vínanda og eru vatnsrík	Líki D og C
Öll fiturík matvæli og matvæli sem innihalda vínanda og eru súr	Líki D, C og B

II. KAFLI

Skilyrði við flæðimælingar (tímalengd og hitastig)

- Flæðimælingar skulu gerðar með því að velja tímalengd og hitastig sem eru tilgreind í töflu 3 og samsvara verstu hugsanlegu snertingarskilyrðum plastefnanna eða -hlutanna, sem er verið að rannsaka, og einnig upplýsingum sem koma fram um hámarkshitastig við notkun. Ef plastefninu eða -hlutnum er ætlað að komast í snertingu við matvæli við notkun, þar sem stuðst er við tvær eða fleiri mismunandi tíma- og hitastigssamsetningar í töflunni, skal flæðimælingin gerð með þeim hætti að efnið eða hluturinn er prófaður við öll verstu hugsanlegu skilyrði hvert á eftir öðru og sami skammtur matvælalíkis er notaður.
- Snertingarskilyrði sem eru almennt talin ströngust**

Eigi að fara eftir þeirri almennu viðmiðun að takmarka beri ákvörðun flæðis við þau mælingarskilyrði sem í því tiltekna tilvikum sem er verið að rannsaka eru talin fullnægja ströngustu kröfum, byggðum á vísindarannsóknunum, eru hér á eftir gefin sérstök dæmi um snertingarskilyrðin við mælingarnar.

 - Plastefni og -hlutir sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli um ótiltekinn tíma og við hvaða hitaskilyrði sem vera skal*

Nota skal, allt eftir því um hvaða matvælategund er að ræða, matvælalíki A og/eða B og/eða C í fjórar klukkustundir við 100°C eða fjórar klukkustundir við endurstreymishitastig og/eða matvælalíki D aðeins í tvær klukkustundir við 175°C ef ekki er um merkingu eða leiðbeiningar að ræða þar sem snertingarhitastig og tímalengd, sem gera má ráð fyrir við raunverulega notkun, eru tiltekin. Þessi skilyrði um tímalengd og hitastig eru almennt talin þau ströngustu.
 - Plastefni og -hlutir sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli við eða undir stofuhita um ótiltekinn tíma*

Ef á efnum og hlutum sem eru merktir til notkunar við eða undir stofuhita eða efni og hlutir eru í eðli sínu greinilega ætluð til notkunar við og undir stofuhita skal gera mælingar við 40°C í tíu daga. Þessi skilyrði um tímalengd og hitastig eru almennt talin þau ströngustu.
- Flæði rokgjarnra efna**

Þegar verið er að mæla flæði rokgjarnra efna sérstaklega skal gera ráð fyrir tapi rokgjarnra flæðandi efna, sem getur orðið við verstu hugsanlegu notkunarskilyrði, við mælingar þar sem líki eru notuð.
- Sérstök tilvik**
 - Þegar rannsaka á efni eða hluti sem nota á í örbylgjuofnum er heimilt að nota annaðhvort venjulegan ofn eða örbylgjuofn við flæðimælingar að því tilskildu að viðeigandi tímalengd og hitastig séu valin úr töflu 3.
 - Ef eðliseiginleikar sýnisins breytast eða annars konar breytingar koma fram í því, þegar mælingar eru gerðar við þau snertingarskilyrði sem eru tilgreind í töflu 3, sem ekki koma fram við verstu hugsanlegu notkunarskilyrði efnisins eða hlutarins, sem er verið að rannsaka, skal mæla flæði við verstu hugsanlegu notkunarskilyrði, þar sem þessar eðlislægu eða annars konar breytingar verða ekki.
 - Einungis skal framkvæma tveggja stunda mælinguna við 70°C, með því að víkja frá þeim skilyrðum sem fram koma í töflu 3 og 2. mgr., ef heimilt er við raunverulega notkun að nota plastefnið eða -hlutinn í innan við 15 mínútur í senn við 70 – 100°C hitastig (t.d. „hot fill“) og ef það er tilgreint með viðeigandi merkingu eða leiðbeiningum. Eigi hins vegar að geyma efnið eða hlutinn við stofuhita skal gera mælingu við 40°C í 10 daga, sem almennt er talin ítarlegri, í stað mælingarinnar sem um getur hér að framan.

- 4.4. Í þeim tilvikum þegar snertingarskilyrðin við mælingar í töflu 3 gilda ekki fyllilega um venjuleg skilyrði við flæðimælingar (til dæmis snertingarhitastig yfir 175°C eða snerting stendur skemur en fimm mínútur) er heimilt að miða við önnur snertingarskilyrði sem eiga betur við í því tilviki sem er verið að rannsaka, að því tilskildu að skilyrðin sem eru valin geti gefið rétta mynd af verstu hugsanlegu snertingarskilyrðum að því er varðar plastefnin eða -hlutina sem er verið að rannsaka.

Tafla 3

Venjulegar skilyrði við flæðimælingar með matvælaflökjum

Verstu hugsanlegu snertingarskilyrði	Mælingarskilyrði
Snertingartími	Mælingartími
$t \leq 5$ mín.	Sjá skilyrði í lið 4.4
5 mín. < $t \leq 0,5$ klst.	0,5 klst.
0,5 klst. < $t \leq 1$ klst.	1 klst.
1 klst. < $t \leq 2$ klst.	2 klst.
2 klst. < $t \leq 4$ klst.	4 klst.
4 klst. < $t \leq 24$ klst.	24 klst.
$t > 24$ klst.	10 dagar
Snertingarhitastig	Mælingarhitastig
$T \leq 5^\circ\text{C}$	5°C
$5^\circ\text{C} < T \leq 20^\circ\text{C}$	20°C
$20^\circ\text{C} < T \leq 40^\circ\text{C}$	40°C
$40^\circ\text{C} < T \leq 70^\circ\text{C}$	70°C
$70^\circ\text{C} < T \leq 100^\circ\text{C}$	100°C eða endurstreymishitastig
$100^\circ\text{C} < T \leq 121^\circ\text{C}$	121°C(*)
$121^\circ\text{C} < T \leq 130^\circ\text{C}$	130°C(*)
$130^\circ\text{C} < T \leq 150^\circ\text{C}$	150°C(*)
$T > 150^\circ\text{C}$	175°C(*)

(*) Aðeins skal nota þetta hitastig fyrir líki D. Að því er varðar líki A, B eða C er í stað mælingarinnar heimilt að gera mælingu við 100°C eða við endurstreymishitastig sem varir fjórum sinnum lengur en tímalengdin sem er valin samkvæmt almennu reglunum í 1. lið.

III. KAFLI

Varafitumæling fyrir almennt flæði og sértækt flæði

1. Ef ekki er unnt að nota fiturík matvælaflök af tæknilegum ástæðum, sem tengjast greiningaraðferðinni, ber í þeirra stað að nota alla prófunarmiðla, sem mælt er fyrir um í töflu 4, við þau mælingarskilyrði sem samsvara þeim mælingarskilyrðum sem gilda fyrir líki D.

Í töflunni eru nokkur dæmi um helstu venjuleg skilyrði við flæðimælingar og samsvarandi venjuleg skilyrði við varamælingar. Að því er varðar annars konar mælingarskilyrði, sem ekki er getið um í töflu 4, ber að taka mið af þessum dæmum og reynslu sem hefur verið aflað viðvíkjandi þeirri tegund fjölliðu sem er verið að rannsaka.

Við hverja mælingu ber að nota nýtt prófsýni. Fyrir hvern prófunarmiðil skal styðjast við sömu reglur og þær sem greint er frá í I. og II. kafla og gilda um líki D. Nota ber leiðréttingarþættina, sem kveðið er á um í tilskipun 85/572/EBE, eftir því sem við á. Velja ber hæsta gildi, sem fæst með því að nota alla prófunarmiðlana, í því skyni að tryggja samræmi við öll flæðimörk.

Ef eðliseiginleikar sýnisins breytast hins vegar eða annars konar breytingar koma fram í því við þessar mælingar, sem ekki koma fram við verstu hugsanlegu notkunarskilyrði efnisins eða hlutarins sem er verið að rannsaka, skal sniðganga niðurstöðuna fyrir prófsýnið og velja hæsta gildi af þeim sem eftir eru.

2. Með því að víkja frá ákvæðum 1. liðar er hugsanlegt að sleppa einni eða tveimur þeirra varamælinga, sem kveðið er á um í töflu 4, sé almennt viðurkennt að fyrir því liggi vísindaleg rök að slíkar mælingar henti ekki sýninu sem er verið að rannsaka.

Tafla 4

Venjuleg skilyrði við varamælingar

Mælingarskilyrði með líki D	Mælingarskilyrði með ísóoktani	Mælingarskilyrði með 95% etanóli	Mælingarskilyrði með BPFO(*)
10 dagar við 5°C	0,5 dagar við 5°C	10 dagar við 5°C	—
10 dagar við 20°C	1 dagur við 20°C	10 dagar við 20°C	—
10 dagar við 40°C	2 dagar við 20°C	10 dagar við 40°C	—
2 klst. við 70°C	0,5 klst. við 40°C	2,0 klst. við 60°C	—
0,5 klst. við 100°C	0,5 klst. við 60°C(**)	2,5 klst. við 60°C	0,5 klst. við 100°C
1 klst. við 100°C	1,0 klst. við 60°C(**)	3,0 klst. við 60°C(**)	1 klst. við 100°C
2 klst. við 100°C	1,5 klst. við 60°C(**)	3,5 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 100°C
0,5 klst. við 121°C	1,5 klst. við 60°C(**)	3,5 klst. við 60°C(**)	0,5 klst. við 121°C
1 klst. við 121°C	2 klst. við 60°C(**)	4,0 klst. við 60°C(**)	1 klst. við 121°C
2 klst. við 121°C	2,5 klst. við 60°C(**)	4,5 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 121°C
0,5 klst. við 130°C	2,0 klst. við 60°C(**)	4,0 klst. við 60°C(**)	0,5 klst. við 130°C
1 klst. við 130°C	2,5 klst. við 60°C(**)	4,5 klst. við 60°C(**)	1 klst. við 130°C
2 klst. við 150°C	3,0 klst. við 60°C(**)	5,0 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 150°C
2 klst. við 175°C	4,0 klst. við 60°C(**)	6,0 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 175°C

(*) BPFO = Breytt pólýfenýlenoxíð.

(**) Rokgjarnir prófunarmiðlar eru notaðir upp að hámarkshitastigi sem er 60°C. Forsenda varamælingar er að efnið eða hluturinn þoli þau mælingarskilyrði sem að öðrum kosti yrðu notuð með líki D. Prófsýni er dýft í ólífuolíu við við-eigandi skilyrði. Ef eðliseiginleikar breytast (t.d. bráðnun eða aflögun) er efnið talið ónothæft við fyrrnefnt hitastig. Ef eðliseiginleikar breytast ekki er haldið áfram og gerðar varamælingar með nýjum sýnum.

IV. KAFLI

Annars konar fitumælingar fyrir almennt flæði og sértækt flæði

- Heimilt er að nota niðurstöðu annars konar mælinga eins og er tilgreint í þessum kafla að því tilskildu að báðum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
 - að niðurstöður úr „samanburðarmælingum“ leiði í ljós að gildin jafnast á við eða séu hærri en þau sem fást úr mælingunni með líki D;
 - að flæði samkvæmt annarri mælingu sé ekki yfir flæðimörkum eftir að viðeigandi leiðréttingarþáttum hefur verið beitt samkvæmt tilskipun 85/572/EBE.
 Sé öðru eða báðum skilyrðum ekki fullnægt ber að gera flæðimælingar.
- Með því að víkja frá skilyrðinu sem áður er getið í a-lið 1. mgr. er unnt að sleppa samanburðarmælingunni ef fyrir liggja aðrar ótvíræðar sannanir þess, byggðar á niðurstöðum vísindarannsókna, að gildin úr annarri mælingu jafnast á við eða séu hærri en þau sem fást úr flæðimælingunni.
- Annars konar mælingar**
 - Annars konar mælingar með rokgjörnum miðlum**

Í þessum mælingum eru notaðir rokgjarnir miðlar eins og ísóoktan eða 95% etanól eða önnur rokgjörn leysiefni eða leysiefnablöndur. Þær ber að gera við snertingarskilyrði með þeim hætti að skilyrðinu samkvæmt a-lið 1. mgr. sé fullnægt.
 - „Útdráttarmælingar“**

Heimilt er að gera aðrar mælingar, þar sem notaðir eru miðlar með mikla útdráttargetu við mjög ströng mælingarskilyrði, sé almennt viðurkennt og fyrir því liggja vísindaleg rök að niðurstöður fengnar með þessum mælingum („útdráttarmælingum“) jafnast á við eða séu hærri en þær sem fást úr mælingunni með líki D.“